

Skilmálar KEA kortsins

Félagsgjald er kr. 500 og það þarf að leggja inn á reikning hjá Sparisjóði Höfðhverfinga 1187-15-200300 kt. 680169-2769 eða greiða á skrifstofu KEA (aðeins tekið við peningum).

Athugið að ef greiðsla berst ekki innan tveggja vikna frá skráningu skoðast hún ógild.

Með því að gefa upp netfang og símanúmer er KEA veitt leyfi til útsendingar á tilboðum KEA kortsins og skoðanakannana er lúta að KEA og KEA kortinu sem og til annarra samskipta KEA eða á vegum KEA við félagsmenn. Ekki er veittur aðgangur að netfangaskrá félagsmanna KEA. Hægt er að senda tölvupóst á netfangið kea@kea.is og óska eftir afskráningu af póstlista KEA kortsins.

Eiginleikar KEA kortsins

KEA-kortið er félagsmanna- og afsláttarkort sem KEA gefur út og sendir félagsmönnum, þeim að kostnaðarlausu. Handhafi KEA-korts nýtur afsláttarins strax við afgreiðslu en kortið, sem ekki er greiðslumiðill, er merkt viðtakanda með nafni og kennitölu. Á kortinu er strikamerki sem og segulrönd en þær upplýsingar sem þar eru geymdar eru ekki persónugerðar, sem þýðir að sömu upplýsingar eru geymdar í strikamerki og segulrönd allra korta og notkun þeirra því ekki hægt að tengja einstaka félagsmönnum. Þegar að afgreiðslu kemur nægir í mörgum tilfellum að framvísa kortinu en í öðrum tilfellum er strikamerki skannað eða segulrönd lesin þannig að kortinu er rennt í gegnum posa.

Mikilvægt er að félagsmenn kynni sér vel sér vel skilmála sem kynntir eru hér fyrir neðan.

- KEA-kortið er eign KEA og varðar misnotkun á því við lög.
- Kortið má sá einn nota sem það er gefið út á, í samræmi við gildandi reglur.
- Glatist það er finnanndi beðinn að skila því á skrifstofu KEA.
- Við notkun skal félagsmaður ávallt vera undir það búinn að framvísa skilríkjum.
- KEA-kortið er merkt félagsmönnum, en upplýsingar í segulrönd og strikamerki eru ekki persónugerðar þannig að ekki er um neina miðlæga upplýsingaskráningu varðandi kortanotkun að ræða.
- Gildistími tilboða sem kynnt eru á síðunni og í bæklingi sem fylgir kortinu er í flestum tilfellum til 30. september 2013.
- Tilboðin sem kynnt eru hér á eftir gilda í verslunum á starfssvæði KEA nema að annað sé tekið fram. Starfssvæði KEA er Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur.
- Viðskiptakjörin gilda ekki þegar um útsölur eða sértilboð hjá samstarfsaðilum er að ræða.
- Þau kjör sem samstarfsaðilar bjóða kunna að breytast og verða slíkar breytingar kynntar hér á síðum KEA -kortsins.
- Tilboð til viðskiptavina eru birt með fyrirvara um prentvillur.

Ábyrgð félagsmanna

Í samþykktum KEA segir orðrétt um ábyrgð félagsmanna og aðild:

Allir lögráða einstaklingar sem eiga lögheimili á félagssvæðinu geta orðið fullgildir félagsmenn í KEA. Einstaklingar undir lögræðisaldri, sem búsettir eru á félagssvæðinu, geta

einnig orðið félagsmenn með ábyrgð forráðenda sinna og þeim takmörkunum varðandi trúnaðarstörf sem lög ákvarða.

Til að gerast félagsmaður í KEA greiðir hver einstaklingur kr. 500 í aðildargjald til félagsins og varðveitist sú fjárhæð í stofnsjóði. Skal inneign allra félagsmanna í stofnsjóði vera sú sama og jafnan nema fjárhæð aðildargjaldsins. Skal félagið standa skil á innborgun í stofnsjóð á nafni hvers félagsmanns verði breyting á inngangseyri í samræmi við samþykktir þessar.

Flytji félagsmaður burt af félagssvæðinu þarf hann ekki að ganga úr félaginu en getur áfram notið viðskiptakjara og annarra hagsmuna sem félagið býður félagsmönnum sínum upp á.

Félagsmenn bera ekki ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins umfram greiðslu aðildargjalds og með eignaraðild að sjóðum félagsins.

Félagaskrá skal varðveitt á skrifstofu félagsins. Nöfnum og heimilisföngum nýrra félaga skal bætt á það um leið og þeir gerast félagar og skal það uppfært reglulega með samanburði við þjóðskrá.

Um vörslu félagaskrár skal farið að gildandi lögum og almennum reglum um persónuvernd.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast skrifstofu félagsins. Greiðist þá út stofnsjóðseign viðkomandi félagsmanns samkvæmt samþykktum þessum og í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Gangi félagsmaður úr félaginu á hann ekkert tilkall til annarra eigna félagsins en þeirra sem skráðar eru á nafn hans og varðveitast í stofnsjóði. Sú fjárhæð er einungis eign í stofnsjóði sem nemur aðildargjaldi á hverjum tíma.

Félagsmaður getur sætt brottvísun úr félaginu að ákvörðun stjórnar, ef hann verður ber að því að vinna vísvitandi gegn hagsmunum þess. Hægt er að vísa ákvörðun stjórnar um brottvísun félagsmanns til næsta aðalfundar til ógildingar. Ákvörðun stjórnar um brottvísun skal talin ógild ef 2/3 hluti atkvæða á aðalfundinum samþykkja tillögu um ógildingu ákvörðunarinnar.